

Nd. **513. Breytingartillaga** [159. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjármálaráðherra.

Á eftir 16. gr. komi svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Við álagningu tekjuskatts á árunum 1984 og 1985, vegna tekna áráanna 1983 og 1984, skulu skattskyldum aðilum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. heimil tillög í varasjóð í stað tillaga til fjárfestingarsjóðs samkvæmt 11. tl. 31. gr. Hámark varasjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II. kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.-10. tl. 31. gr. Öll ákvæði laga nr. 75/1981 varðandi varasjóð skulu gilda varðandi þessi varasjóðstillög uns varasjóði hefur verið ráðstafað að fullu.